

HÚSÖNDIN

38. tbl. 3.árg.
20. október. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 21. - 27. OKTÓBER


22.10. Sigurgeir Jónasson, Elín Steingrímsdóttir
Sigurbjörn Reynir Björgvinsson

23.10. Jón Árni Sigfússon, Kornelia Szumny

25.10. Hjörleifur Sigurðsson

27.10. Sigurður Guðni Böðvarsson, Þórarinn Pálmi Jónsson

Fimm leiðir að vellíðan





Skútustaðahreppur

Endurskoðun á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps Skipulags- og matslýsing

Sveitastjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 7. október 2020 skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og að hún yrði kynnt opinberlega skv. 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga 123/2010.

Í skipulags- og matslýsingu er farið yfir ýmis atriði sem skipta máli við endurskoðun aðalskipulags Skútustaðahrepps. Skipulags- og matslýsing er verklýsing þar sem gerð er grein fyrir ástæðum endurskoðunar aðalskipulags, helstu áherslum, forsendum, fyrirliggjandi stefnu, samráði, tímaferli, umhverfismati áætlunar og gildistíma.

Skipulags- og matslýsingin verður til sýnis á sveitarstjórnarskrifstofu Skútustaðahrepps Hlíðavegi 6 og á heimasíðu Skútustaðahrepps www.skutustadahreppur.is frá og með föstudeginum 23. október 2020 til og með föstudeginum 19. nóvember 2020. Kynning á skipulags- og matslýsingu fer fram þriðjudaginn 27. október, nánari upplýsingar er að finna á vef Skútustaðahrepps. Athugasemdir skulu berast til skipulagsfulltrúa á atli@skutustadahreppur.is eða bréfleiðis á skrifstofu sveitastjórnar, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn.

Atli Steinn Sveinbjörnsson
Skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps

UMSÓKNIR UM ÚTHLUTUN MENNINGARSTYRKJA – Seinni úthlutun 2020



Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er seinni úthlutun ársins 2020. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni.

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar.

Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífð í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnarsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublað). Umsóknir skal senda á netfangið: skutustadahreppur@skutustadahreppur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2020.

Velferðar- og menningarmálanefnd.



Skútustaðahreppur

Auglýsing um breytingu deiliskipulagi Voga 1

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 11. mars 2020 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Voga 1 skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreyting fer fram í kjölfar óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sem var staðfest þann 30. september 2020

Deiliskipulagsbreytingin snýr að því að bætt verði við lóð fyrir íbúðarhús við núverandi frístunalóðasvæði og stærð frístunalóðarinnar F5 minnkar.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með fimmtudeginum 22. október til og með fimmtudeginum 19. nóvember 2020. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: www.skutustadahreppur.is undir flípanum skipulagsauglýsingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 19. nóvember 2020. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið:

atli@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Atli Steinn Sveinbjörnsson,
Skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps

